



Reykjavík 7. september 2009

Til forráðamanna barna á frístundaheimilum ÍTR

Efni: Ráðstöfun Frístundakorts

Þeir forráðamenn sem hyggjast nýta sér Frístundakortið til greiðslu dvalargjalda á frístundaheimilum er bent á að ráðstöfun styrksins fer fram á Rafrænni Reykjavík-<http://rafraen.reykjavik.is/pages/>. Allar nánari upplýsingar um framkvæmd ráðstöfunar er að finna á www.fristundakort.is – Leiðbeiningar fyrir forráðamenn.

Mikilvægt er að hafa í huga að ráðstafa þarf mánaðarlega **í síðasta lagi 13. hvers mánaðar** vegna dvalargjalds fyrri mánaðar, þar sem gjöldin eru innheimt eftir á.

Dæmi: Ráðstöfun vegna dvalar í september 2009 skal vera framkvæmd fyrir 13. október n.k. Verði ráðstöfun ekki framkvæmd fyrir þann tíma verður ekki hægt að fella niður greiðsluseðil/boðgreiðslur fyrir viðkomandi mánuð. Ath. að þau börn sem eru skráð á frístundaheimili í september verða skráð inn í Rafræna Reykjavík í kringum 20. september og þá geta forráðamenn ráðstafað styrknum fyrir þann mánuð.

Vinsamlega athugið að ekki er hægt að nýta styrkinn til greiðslu á síðdegishressingu.

Greiðsluseðlar verða sendir út með upphaflegri upphæð en ráðstafi forráðamaður styrknum fyrir tilskilinn tíma, leiðréttist upphæðinn í bankakerfinu eða felld niður boðgreiðsla. **Ekki verða sendir út nýir greiðsluseðlar með lægri upphæð.**

Mikilvægt er að hafa í huga að hafi forráðamaður ráðstafað vegna september skal hann ekki greiða greiðsluseðil vegna þátttökugjalda þann mánuð fyrr en seðill hefur verið lækkaður í heimabanka.

Frístundastyrkur pr. barn í Reykjavík fyrir árið 2009 er kr. 25.000.- og geta þeir sem fæddir eru 1991-2003 nýtt styrkinn á þessu ári.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 4111 5000 og með tölvupósti á itr@itr.is